

1903

Fimmtudaginn 28. nóvember 1991.

Nr. 342/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ólafi Hvanndal

(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí sl. að ósk ákærða.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Ólafur Hvanndal, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1991.

Ár 1991, mánudaginn 24. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 344/1991: Ákærvaldið gegn Ólafi Hvanndal, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. þ.m., á hendur Ólafi Hvanndal, Austurbergi 38, Reykjavík, kt. 270162-3719, „fyrir að aka laugardaginn 9. mars 1991 sviptur ökuréttindum ævilangt bifreið-

inni MA-661 frá heimili sínu að Faxafeni og á þeirri leið vestur Suðurlandsbraut og inn í Skeiðarvog, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvatnum fyrir aksturstefnu hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir:

Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að laugardaginn 9. mars sl. hafi hann ekið bifreiðinni MA-661, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá heimili sínu að Faxafeni. Jafnframt viðurkenndi hann, að á þeirri leið hefði hann ekið vestur Suðurlandsbraut og inn á Skeiðarvog, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvatnum fyrir akstursstefnu hans.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir: [Ákærði hefur sætt sex refsidómum, m.a. 4 sinnum fyrir ölvunar-akstur, og hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt síðan 1985.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir hún með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Hvanndal, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.